

Samsöngur í júní 2018 Yngri nemendur

#

Melaskóli

Ólafur Jóhannsson/Gunnar Gunnarsson

Í Melaskólann stelpur streyma
og strákar, enginn situr heima,
því oftast þykir öllum gaman
svo ágætt að vera hérna saman.

Í skóla vinir öll við erum,
þar okkar besta jafnan gerum,
og öðru fólki virðing veitum
en visku, færni og þroska leitum.

**Melaskóli, skólinn kæri,
í skjóli þínu mest ég læri.
Fyrsti, annar, þriðji, fjórði,
fimmti, sjötti, sjöundi bekkur
hvert ár með þér ómissandi hlekkur
í einstakri keðju, sérstakt tækifæri.**

Við þurfum fyrst að læra' að lifa
svo lærum við að reikna' og skrifa
en líka sérhvert líf að virða,
um landið okkar vel að hirða.

En tíminn alltaf áfram líður
því aldrei situr hann og bíður.
Loks taka bernskuárin enda,
samt enn við munum kveðju senda:

**Melaskóli, skólinn kæri,
í skjóli þínu mest ég læri.
Fyrsti, annar, þriðji, fjórði,
fimmti, sjötti, sjöundi bekkur
hvert ár með þér ómissandi hlekkur
í einstakri keðju, sérstakt tækifæri.**



Maístjarnan

Jón Ásgeirsson/Halldór Laxness

1. Ó hve létt er þitt
skóhljóð
og hve leingi ég beið
þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu,
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

2. Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf
mitt
hvort ég vaki eða sef,
þetta eitt sem þú gafst
mér
það er alt sem ég hef.

3. En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi
manns,
og á morgun skín
maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einíngarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Samsöngur í júní 2018 Yngri nemendur

#

Kvæðið um fuglana


Atli Heimir Sveinsson/Davíð Stefánsson

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameingar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.



Samsöngur í júní 2018
Yngri nemendur

#

Meistari Jakob
sunginn á tungumálum sem töluð eru í 1. bekk

Íslenska:

Meistari Jakob, meistari Jakob,
sefur þú, sefur þú?
Hvað slær klukkan, hvað slær klukkan?
Hún slær þrjú, hún slær þrjú.

Danska:

Mester Jakob, mester Jakob,
sover du, sover du?
Hvad slår klokken,
hvad slår klokken?
Bim, bam, bom,
bim, bam, bom.

Norska:

Fader Jakob, fader Jakob,
sover du, sover du?
Hører du ei klokken,
hører du ei klokken?
Bim bam bom, bim bam bom.

Sænska:

Broder Jacob, broder Jacob
sover du, sover du?
Hör du inte klockan,
hör du inte klockan?
Ding dang dong, ding dang dong.

Enska:

Are you sleeping, are you sleeping
brother John, brother John?
Morning bells are ringing,
morning bells are ringing.
Ding, ding, dong. Ding, ding, dong.

Franska:

Frère Jacques, frère Jacques,
dormez-vous, dormez-vous?
Sonnez les matines,
sonnez les matines.
Din, din, don. Din, din, don.

Spænska:

Fray Santiago, Fray Santiago
¿duerme usted? ¿duerme usted?
Suenan las campanas,
suenan las campanas:
ding, dong, dang, ding, dong, dang

Pólska:

Panie janie, panie janie
pora wstac', pora wstac'
wszystkie dzwony bija,
wszystkie dzwony bija.
Bim, bam, bom, bim, bam, bom.

Litháíska:

Brolí Jonai, brolí Jonai,
Ar miegi? Ar miegi?
Rytas, varpai skamba!
Rytas, varpai skamba!
Ding, dang, dong.
Ding, dang, dong.

Rússneska:

Братец Яков, братец Яков,
Что ж ты спишь? Что ж ты спишь?
|: Утром не трезвонишь :|
Дин-дон-дэн, дин-дон-дэн.

Framburður á rússnesku:

Bradjet Jakof, bradjet Jakof,
Sto sje spiss, sto sje spiss.
Utro nje drjes vonish,
utro nje drjes vonish,
ding, dang, dong, ding, dang, dong.

Samsöngur í júní 2018 Yngri nemendur

#

Kúst og fæjó

Heimilistónar

Ég þríf, þríf og stússa
Þeytist um húsið með tuskurnar
(Korter í sjö)
Eins gott að allt sé þússað
Því aðeins er korter í stelpurnar

Ég set á borðið tertuna (Úaaa)
Búin að stífa dúkana (Úaaa)
Keypti þrenns konar líkkjöra
En náði ekki að marenera öndina

*Mig vantar kúst og fæjó
Verð að taka soldið til
Í kvöld er saumó
Og hreint ég hafa vil*

Ég vona að Rúna þambi ekki of mikið
Eins og í Berlínarferðinni (Hún er alki)
Og vona að Ása góni ekki á rykið
Og blettinn á teppinu í stofunni

Hvernig verður svo með Hrafnhildi?
(úaaa)
Ætli hún tali við Valgerði (úaaa)
Síðast lentu þær í rifrildi
Og lokuðu á hvor aðra á snapptjatti

*Mig vantar kúst og fæjó
Verð að taka soldið til
Í Kvöld er saumó
Drögum kannski spil*

Við höfum fylgst að í gegnum árin
Það gefur mér svo mikið að hitta þær
(Vinkonurnar)
Höfum hlegið og þerrað tárin
Hver einasta þeirra er mér svo kær

*Hjálpðu mér í gegnum skilnaðinn
Fóru með mig í bústaðinn
Hafa passað öll mín krakkaskinn
Ó, mikið er ég þakklát fyrir vinskapið*

*Mig vantar kúst og fæjó
Verð að taka soldið til
Í kvöld er saumó
Og hreint ég hafa vil*

*Mig vantar kúst og fæjó
Verð að þússa öll mín gólf
Í kvöld er saumó
Sitjum saman fram til tólf*

Kúst og fæjó, kúst og fæjó,
kúst og fæjó kúst fæ æ jo ó
Kú kú kú kúst og fæjó,
kú kú kú kúst og fæjó
Kúst og fæjó, kúst og fæ æ æ æ jó.



Samsöngur í júní 2018
Yngri nemendur

#

#